

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 95/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurjóni Andræssyni og

Rúnari Þór Birgissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Sýkna. Bifreiðar. Of hraður akstur. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1992 að ósk ákærðu, en einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Ákæra 4. desember 1990.

Í vottorði Guðbrands E. Þorkelssonar, yfirlæknis á heilsugæslu-
stöð Vestmannaeyja, 14. maí 1990 segir svo meðal annars um áverka á Davíð Þór Einarssyni:

„Við skoðun sér maður að hann er með vel skakkt nef og ein-
kenni um gamlar blóðnasir. Gerð er tilraun til að reponera nefi en
það gengur ekki. Þann 14.05. kemur sjúkl. síðan aftur í skoðun
og er tekin röntgenmynd af nefi. Virðist vera um að ræða brot.
Dálítið erfitt er að segja með vissu þar sem sjúklingur mun áður
hafa verið brotinn, en hann fullyrðir að nef hans hafi verið rétt
hér með aðgerð á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja 1982. Sé nú nefið allt
úr lagi fært. Álit: Mér sýnist nokkuð ljóst að hann sé nefbrotinn
og er sjúklingur sendur til skurðlæknis til reponeringar á nefi. Sýnist
mér áverkinn umtalsverður.“

Vitnin Jóhanna Jóhannsdóttir og Gunnar Laxfoss Kristjánsson
drógu mjög úr fullyrðingum sínum í lögregluskýrslum, er þau komu
fyrir dóm. Þau eru einu vitnin, auk kærands Davíðs Þórs Einarssonar,
sem borið hafa um átök hans og ákærðu. Er að mjög tak-
mörkuðu leyti unnt að líta á framburð þeirra fyrir dómi sem stað-
festingu á skýrslum þeirra hjá lögreglu. Að hluta verður og að líta

á framburð vitnisins Jóhönnu beinlínis sem afturköllun á skýrslu hennar hjá lögreglu, einkum að því er varðar sjáanlega áverka á Davíð Þór.

Þá er einnig til þess að líta, að framburður Davíðs Þórs Einarssonar er að sumu leyti ótraustur, en ljóst er af gögnum málsins, að hann var mjög ölvaður umrædda nótt. Í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu 14. maí 1990 tilgreindi hann ákærðu báða sem árásarmenn, en í skýrslu 15. júní sama ár nefndi hann einungis ákærða Sigurjón í þessu sambandi. Þá segir hann í fyrri skýrslunni, að hann hafi farið beint heim til sín eftir átökin við ákærðu, sem ætla má af gögnum málsins, að hafi átt sér stað milli kl. 3.00 og 3.30. Við lögreglurannsókn málsins kom hins vegar fram, að síðar um nóttina hittu hann Svein Pétursson fyrir utan pósthúsið, og lentu þeir í einhverjum átökum, en Sveinn gaf um þetta skýrslu hjá lögreglu 3. júlí 1990. Taldi Sveinn þetta hafa verið um kl. 5.00 um morguninn. Kvaðst hann ekkert hafa séð á Davíð Þór annað en að hann hefði verið með glóðarauga. Hann neitaði því hins vegar, að Davíð Þór hefði hlotið nokkra áverka í átökum þeirra, en hann kvaðst ekki hafa slegið hann, heldur lagt hann niður og haldið honum. Sveinn Pétursson lést, áður en dómsmeðferð máls þessa í héraði hófst.

Enda þótt slá megi föstu, að til átaka hafi komið milli ákærðu og Davíðs Þórs Einarssonar fyrir utan veitingastaðinn Hallarlund í Vestmannaeyjum aðfaranótt 13. maí 1990, þykir í ljósi framangreindra atriða ekki unnt að telja sannað, að ákærðu hafi ráðist að Davíð Þór með þeim hætti, sem í ákæru greinir, eða að þargreindan áverka hans megi rekja til átaka þeirra á milli. Ber því að sýkna ákærðu af þessari ákæru. Bótakröfu Davíðs Þórs verður þá vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákæra 1. október 1991.

Ákærði Sigurjón hefur viðurkennt háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru þessari. Sakarmat héraðsdómara og heimfærsla til refsíákvæða, að því er þetta sakarefni varðar, er því staðfest. Sektorákvörðun héraðsdóms og ákvörðun vararefsingar verður og staðfest, og telst frestur til greiðslu sektarinnar frá uppkvaðningu dóms þessa. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir við munnlegan

flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ekki væri krafist lengri öku-
leyfissviptingar en kveðið var á um í héraðsdómi, og verjandi
ákærða lýsti einnig yfir, að ekki væri óskað endurskoðunar þess
ákvæðis dómsins. Verður hann því einnig staðfestur að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindum úrslitum þykir rétt, að kostnaður
málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda
ákærðu þar, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, greið-
ist að 4/5 hlutum úr ríkissjóði, en ákærði Sigurjón greiði 1/5 hluta.
Þá verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð,
eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Rúnar Þór Birgisson og Sigurjón Andrésson, skulu
vera sýknir af kröfum ákærvaldsins í ákæru 4. desember
1990.

Ákærði Sigurjón Andrésson greiði 21.000 krónur í sekt til
ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa,
en sæti ella sjö daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða
Sigurjóns er staðfest.

Skaðabótakröfu Davíðs Þórs Einarssonar er vísað frá dómi.

Málskostnaður í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skip-
aðs verjanda ákærðu, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýj-
aða dómi, greiðist að 4/5 úr ríkissjóði, en ákærði Sigurjón
greiði 1/5.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar
með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars
Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 7. janúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. desember sl., hefur ríkissaksóknari
höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum, út gefnum 4.
desember 1990 og 1. október 1991, á hendur Rúnari Þór Birgissyni, Hraun-
túni 4, Vestmannaeyjum, og Sigurjóni Andrésyni, Faxastíg 39, Vestmanna-
eyjum, fyrir eftirgreind brot:

Dómkröfur.

1.

Með ákæruskjali, út gefnu 4. desember 1990, er málið höfðað á hendur báðum ákærðu, eins og hér nánar greinir:

„Fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 ráðist á Davíð Þór Einarsson, fæddan 17. apríl 1966, við veitingastaðinn Hallarlund, Vestmannabraut 19, Vestmannaeyjum, fellt hann í götuna og sparkað í hann liggjandi með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta.“

— — —

2.

Með ákæruskjali, út gefnu 1. október 1991, er málið einvörðungu höfðað gegn ákærða Sigurjóni, eins og hér nánar greinir:

„Fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 bifhjólinu NK-149 suður Heiðarveg í Vestmannaeyjum með allt að 97 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli á móts við Félagsheimili Vestmannaeyja.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 20. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 320, 1979.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Málin hafa verið sameinuð og verða dæmd í einu lagi.

II.

Málsatvik.

A.

Ákæra, út gefin 4. desember 1990.

Ákærðu, Rúnar Þór og Sigurjón, neita því að vera valdir að líkamsárás þeirri, sem um getur í ákæruskjali frá 4. desember 1990. Að því athuguðu, en með hliðsjón af fram lögðum gögnum og því, sem fram hefur komið við meðferð málsins, þykja málsatvik vera þau, að ákærðu og vitnið Davíð Þór voru aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 á dansleik á veitingastaðn-

um Hallarlundi við Vestmannabraut hér í bæ. Meðan á dansleiknum stóð, varð Davíð Þór sundurorða við unnustu sína, Maríu, og stimpuðust þau og kýttust á. Ákærðu sáu þetta og sáu ástæðu til að veita Maríu liðsinni, þótt í óþökk Davíðs Þórs væri. Ákærðu komu þó Davíð Þór frá Maríu, og segir ekki frekar af viðskiptum þeirra hjónaleysa, en ákærðu lenti hins vegar aftur saman við Davíð Þór fyrir utan veitingastaðinn, eftir að dansleik lauk.

Ekki ber ákærðu saman við Davíð Þór um aðdraganda og afleiðingar þeirra átaka, og neita ákærðu báðir að vera valdir að líkamsáverkum þeim, sem í ákæru greinir, að Davíð Þór hafi orðið fyrir af þeirra völdum.

Ákærði Sigurjón kveður Davíð Þór hafa eftir dansleikinn ráðist á sig og sparkað í kynfæri sín og hann þá í beinu framhaldi af því ráðist á Davíð Þór og fellt hann í götuna með aðstoð ákærða Rúnars Þórs, sem hann kveðst hafa kallað sér til aðstoðar. Er Davíð Þór lá í götunni, kom vitnið Gunnar Laxfoss Kristjánsson þar að og tókst snöfurrmannlega að koma ákærðu frá Davíð Þór.

Daginn eftir, 14. maí 1990, kærði vitnið Davíð Þór atburð þennan til lögreglunnar í Vestmannaeyjum og sagði ákærðu hafa ráðist á sig eftir dansleik og annar hvor þeirra slegið sig í andlitið, svo að Davíð Þór féll í götuna, og þeir þá síðan í sameiningu gengið í skrokk á sér með því að sparka í andlit sér og búk, allt þar til aðstoð hafi borist, og vitnið þá flýtt sér til síns heima. Daginn eftir kvaðst vitnið hafa fundið mikið til í andliti og því leitað til læknis og þá komið í ljós, að vitnið hafði nefbrotnað. Framburð þennan hefur vitnið staðfest hér fyrir dóminum, og það hefur afdráttarlaust neitað því að hafa gefið ákærðu tilefni til að ráðast á sig með því að sparka í ákærða Sigurjón, eins og ákærði Sigurjón hefur borið, að það hafi gert. Vitnið kvað báða ákærðu hafa staðið að líkamsárásinni.

Vitnið Gunnar Laxfoss Kristjánsson, kt. 210565-5079, kvaðst hafa séð Davíð Þór liggja á gangstéttinni og sér hafi vírst sem ákærðu hefðu eins og velt honum á milli sín. Á vitninu var að skilja, að það hefði dregið þá ályktun, að Davíð Þór hefði legið á gangstéttinni af völdum ákærðu. Vitnið kvað Davíð Þór hafa verið mjög ölvaðan.

Vitnið Davíð Þór kvað ákærðu hafa að tilefnislausu fellt sig í götuna, slegið og sparkað í sig með þeim afleiðingum, eins og að framan greinir, að vitnið nefbrotnaði. Vitnið sagði að báðir ákærðu hefðu staðið að líkamsárásinni.

Vitnið Jóhanna Jóhannsdóttir kvaðst hafa séð ákærðu tuska Davíð Þór til, og það sá, að Davíð Þór féll í götuna af völdum ákærðu. Vitnið, sem kom fyrir dóm einu og hálfu ári eftir tilgreindan atburð, dró úr þeirri fullyrðingu sinni, er vitnið gaf í lögregluskýrslu mánuði eftir tilgreindan atburð, að ákærðu hefðu ráðist á Davíð Þór, enda kvaðst það ekki hafa

séð, hvert upphafið var, og það treysti sér ekki nú til að staðfesta fullyrðingu sína í sömu lögregluskýrslu, að ákærðu hefðu sparkað í Davíð Þór, þar sem hann lá á gangstéttinni. Vitnið gaf þá skýringu, að nú væri eitt og hálf ár liðið, frá því að tilgreint atvik varð, og minni sitt væri nú ekki traustara, auk þess sem það hefði verið nokkuð undir áhrifum áfengis tilgreindan dag.

Eins og að framan greinir, neita ákærðu sakargiftum.

Ákærði Sigurjón kvað Davíð Þór hins vegar hafa sparkað í sig, eftir að dansleik lauk, og hann þá ráðist á Davíð og fengið aðstoð ákærða Rúnars við það að fella hann í gangstéttina. Ákærði neitaði að hafa nefbrotið Davíð Þór og taldi, að slíka áverka hefði hann fengið af öðrum orsökum.

Ákærði Rúnar Þór, sem í fyrstu mundi ekki til þess að hafa lent í handalögmáli við Davíð Þór, eftir að dansleiknum lauk, eða hitt hann fyrir utan dansstaðinn, staðfesti, að rétt væri það, sem fram kæmi í lögregluskýrslu haft eftir honum, að hann hefði að beiðni ákærða Sigurjóns veitt honum aðstoð við að hemja Davíð Þór, eftir að ákærði Sigurjón hafði fellt Davíð Þór í gangstéttina. Ákærði Rúnar Þór neitaði að vera valdur að nefbroti Davíðs Þórs.

Þrátt fyrir það að Davíð Þór Einarsson hafi gefið nokkuð greinargóða skýrslu, er hann kærði atburðinn daginn eftir að hann varð fyrir meiðslum, hafa þau tvö ungmenni, sem auk Davíðs Þórs voru leidd sem vitni í málinu, reynst ótraust í framburði sínum, og verða því málsatvik óljósari en ella hefði orðið.

Með eigin játningu ákærðu sem og framburði vitnanna Gunnars Laxfoss Kristjánssonar og Jóhönnu Jóhannsdóttur þykir þó vera sannað, að ákærðu hafi aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 fyrir utan veitingastaðinn Hallarlund, Vestmannabraut 19, Vestmannaeyjum, lent í átökum við Davíð Þór Einarsson.

Ákærði Sigurjón hefur haldið því fram, að upphafið megi rekja til Davíðs Þórs sjálfs, þar sem hann hafi gengið að sér og sparkað í kynfæri sín, en Davíð Þór hefur staðfastlega neitað því. Gegn neitun vitnisins Davíðs Þórs telst þessi fullyrðing ákærða Sigurjóns vera ósönnuð.

Davíð Þór hefur haldið því fram, að ákærðu hafi strax ráðist á sig, er vitnið kom út af dansleiknum. Þótt vitninu kunní að skjátlast um það atriði, sbr. framburð vitnisins Jóhönnu, þá á sú fullyrðing vitnisins Davíðs Þórs, að ákærðu hafi í sameiningu veist að því og fellt vitnið í götuna, sér stoð í framburði vitnisins Jóhönnu, og telst sú fullyrðing vera sönnuð, en fullyrðing ákærðu um, að ákærði Sigurjón hafi kvatt ákærða Rúnar Þór til liðveislu, er hins vegar með ósennileikablæ og styðst ekki við fram lögd sakargögn.

Vitnið Davíð Þór hefur haldið því fram, að ákærðu hafi sparkað í sig,

þar sem vitnið lá eftir ákærðu í götunni. Ýmislegt bendir til þess, að þessi staðhæfing vitnisins fái staðist. Í því sambandi ber á það að líta, að þótt vitnið Jóhanna muni nú ekki lengur eftir þessu atriði, virðist vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um það, er það gaf skýrslu hjá RLV rúmum mánuði eftir atburðinn. Framganga vitnisins Gunnars Laxfoss og framburður við lögreglurannsókn nokkrum dögum eftir atburðinn bendir fyllilega til, að atлага ákærðu að Davíð Þór, þar sem vitnið lá í götunni, hafi ekki verið sæmileg, og rennir stoðum undir það, að fullyrðing vitnisins Davíðs Þórs um, að ákærðu hafi sparkað í vitnið, sé rétt, og þykir ekki varhugavert að telja, að svo hafi verið. Ekki hefur fengist staðfest, að Davíð Þór hafi lent í átökum við bróður unnustu sinnar, Maríu, eftir að ákærðu höfðu barið á vitninu, en bróðir Maríu er nú látinn.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af fram lögðu áverkavottorði þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 ráðist á Davíð Þór Einarsson við veitingastaðinn Hallarlund, Vestmanna- braut 19, Vestmannaeyjum, fellt hann í götuna og veist þar að honum, m. a. með spörkum, með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði, og er sú niðurstaða í samræmi við þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir. Brot ákærðu er réttilega heimfært til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningar- laga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, í ákæruskjali ríkissak- sóknara.

B.

Ákæra, út gefin 1. október 1991.

Að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 ók ákærði Sigurjón bifhjólínu NK-149 suður Heiðarveg hér í bæ. Er ákærði var á móts við Félagsheimili Vestmannaeyja, tóku lögreglumenn í lögreglubifreiðinni KR-899 eftir því, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar sýndi, að bifhjólínu væri ekið á tilgreindum vegarkafli á 97 km hraða miðað við klukkustund, þar sem leyfilegur hámarkshraði er hins vegar einungis 45 km miðað við klukkustund. Lögreglumennirnir stöðvuðu akstur ákærða, og gerði hann ekki athugasemdir við framkvæmda hraðamælingu lögreglumannanna og hefur afdráttarlaust við lögreglurannsókn og eins hér fyrir dómi viðurkennt brot sitt. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu mun myrkur hafa verið og slæm lýsing á vegi, en akstursskilyrði að öðru leyti góð.

Með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum máls þessa, þykir nægilega sannað, að ákærði Sigurjón Andrésón hafi að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 gerst brotlegur um háttsemi þá, sem rétti- lega er tilgreind í ákæruskjali ríkissaksóknara og varðar við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. einnig 20. gr. lögreglusamþykktar Vest- mannaeyja nr. 320/1979, en sú grein lögreglusamþykktarinnar mælir fyrir

um ofangreindan hámarkshraða. Brotið er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæruskjali ríkissaksóknara.

III.

Refsíákvörðun.

Ákærði Sigurjón er sakhæfur, en hann er fæddur 10. desember 1970, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

[Tvisvar sæst á sektargreiðslu og ökuleyfissmissi á árinu 1989, enn fremur undirgengist 1990 sektargreiðslu fyrir eignaspell].

Ákærði Rúnar Þór er einnig sakhæfur, en hann er fæddur 1. október 1970, og hefur einungis einu sinni, þ. e. á árinu 1989, með dómsátt gengist undir greiðslu sektar fyrir brot gegn 45. gr. umferðarlaga, en er að öðru leyti með hreint sakavottorð.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin þannig:

Refsing ákærða Sigurjóns Andrússonar verður tiltekin eftir 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955, og greiði jafnframt, sbr. 2. mgr. 57. gr. a laga 19/1940 og 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 21.000 kr. í sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella sjö daga varðhaldi.

Refsing ákærða Rúnars Þórs Birgissonar þykir hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Brot ákærða Sigurjóns á umferðarlögum er ítrekað brot öðru sinni á 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber því að kröfu ákærvalds og með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að svipta ákærða ökuleyfi sínu. Brot ákærða verður í þessu sambandi heimfært undir 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem hljóðar svo: „Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.“

Samsvarandi ákvæði í fyrri umferðarlögum, þ. e. 3. mgr. 81. gr. laga 40/1968, var samhljóða 2. mgr. 101. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og mælti fyrir um ævilanga ökuleyfissviptingu strax við ítrekað brot, en lagagreinin tók bæði til ölvunaraksturstillvika sem og annarra brota á umferðarlögum.

Við setningu laga nr. 50/1987 var gerð breyting að þessu leyti, þannig, að 81. gr. fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 var skipt upp í tvær lagagreinar, þ. e. 101. gr. laga nr. 50/1987, sem fyrr er getið og hefur að geyma almenna

reglu um þau tilvik, sem leiða til sviptingar réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki, og 102. gr., sem er sérregla og tekur til ölvunaraksturs.

Til álita kemur hér, hvort túlka beri 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þannig, að beita eigi fortakslaust ævilangri ökuleyfissviptingu við almenn umferðarlagabrot önnur en ölvunarakstursbrot, ef annað tveggja er, að sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni. Við mat á því hlýtur að koma til álita, hvort 2. mgr. 101. gr. laga 50/1987 feli í sér breytingu frá fyrri skipan, eins og þar var fyrir mælt í 1. ml. 3. mgr. 81. gr. eldri umferðarlaga, sem voru nr. 40/1968.

Í því sambandi þykir verða að horfa til þess, sem segir í greinargerð með lögum nr. 50/1987, og þá sérstaklega, hvernig 101. gr. laganna er þar skýrð. Þar segir eftirfarandi um 2. mgr. 101. gr. umferðarlaganna:

„2. mgr. svarar til 1. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó þannig, að eigi verður skylt að ákveða ökuréttindasviptingu ævilangt strax við fyrsta brot.“

Hvorki hér né annars staðar í greinargerðinni er að því vikið, að gera eigi breytingar á fyrri skipan að þessu leyti nema að því er tekur til þess, að ævilöng ökuleyfissvipting verður nú almennt ekki ákveðin strax við ítrekað brot, enda sýnist í slíku tilfelli þurfa til að koma miklar sakir.

Sé miðað við lagaheimildir á gildistíma fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 og þær bornar saman við núgildandi umferðarlög og með tilvísun til greinargerðar með lögunum, er af framansögðu ljóst, að þegar til álita kemur ökuleyfissvipting samkvæmt núgildandi umferðarlögum vegna umferðarlagabrota annarra en brota vegna ölvunaraksturs, má hiklaust hafa hliðsjón af þeirri lagaframkvæmd, sem mótaðist á gildistíma laga 40/1968. Að kröfu ákærvalds og með tilvísun til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en í samræmi við tilvitnaða lagaframkvæmd og fyrri umferðarlagabrot, verður ákærði sviptur ökuleyfi sínu í fjóra mánuði frá 1. september 1991 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lög-reglustjóranum í Vestmannaeyjum.

Ákærði Sigurjón greiði 2/3 alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóhanns Péturssonar hdl., sem ákveðast 40.000 krónur, á móti ákærða Rúnari Þór, sem greiði 1/3 sakarkostnaðar.

IV.

Skadabætur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurjón Andrésson sæti varðhaldi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Auk þess skal ákærði Sigurjón greiða 21.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella sjö daga varðhaldi. Ákærði Sigurjón er auk þess sviptur ökuleyfi í fjóra mánuði frá 1. september 1991.

Ákærði Rúnar Þór Birgisson sæti varðhaldi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákærðu greiði Davíð Þór Einarssyni in solidum 202.519 kr. í skaðabætur, og beri þær vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, af 137.119 kr. frá 1. júní 1990 til 7. janúar 1992, en af 202.519 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigurjón Andrésson greiði 2/3 hluta alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóhanns Péturssonar hdl., 40.000 kr., en ákærði Rúnar Þór Birgisson 1/3 hluta.
